


Leiðbeiningar um uppsetningu á office pakka

Allir nemendur Fjölbrautaskóla Snæfellinga hafa office pakka til umráða og geta sótt hann í sínar tölvur.


Uppsetning er einföld og er office pakkinn aðgengilegur frá vefsíðu Microsoft.

<https://portal.office.com>

Þegar búið er að skrá sig inn á síðuna með fsh netfangi þá er þetta upphafsíðan sem kemur, hægra megin á síðuni er hnappur sem segir Install apps.



Velja þarf Microsoft 365 apps til að sækja office pakka.



Á PC tölvu hleðst niður lítil skrá sem þarf að opna, þetta setur í gang ferli til að sækja office pakkann og setja hann upp, uppsetning er einföld og leiðbeinir þig alfarið í gegnum uppsetninguna og **ekki þarf að velja neina auka möguleika við uppsetningu.**

Á Mac tölvu hleðst niður allur office pakkinn og skráin kemur í downloads möppuna, opna þarf skrána eftir að hún hleðst niður og er uppsetning einnig einföld, **ekki þarf að velja neina auka möguleika og ferlið leiðbeinir þér í gegnum þetta skref fyrir skref. 2**

Þegar búið er að setja upp office pakka, sama hvort er á PC eða Mac, **þarf að skrá sig inn þegar fyrsta office forritið er opnað, netfangið sem er notað til innskráningar er fsh netfang**

nemandans og biður uppsetningin um tveggja þátta auðkenni við fyrstu innskráningu. Eftir fyrstu innskráningu á ekki að þurfa tveggja þátta auðkenni eftir það.

Office-reikningar rekast á

Það getur verið vandamál að nemandi er með tvo eða fleiri office-reikninga í gangi (vinna+prívat+skóli+...)

Hægt er að leysa þetta með því að nota annan vafra (til dæmis Chrome/Firefox/Edge/Opera) til að halda utan um aðra innskráningu. Einnig er hægt að búa til annan prófíl í:

- Edge vafra (Sign in and create multiple profiles in Microsoft Edge)
- Chrome vafra (How to create multiple Google Chrome profiles?).

Svo er bara að skrá sig inn á Moodle (https://youtu.be/_hEvLIPJVo)